

15. fundur ferðamálaráðs

1. júní 2017 kl. 11-13

Fundarstaður: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Mættir: Unnur Valborg Hilmarsdóttir formaður, Eva Björk Harðardóttir varaformaður, Þórir Garðarsson, Ingibjörg Guðrún Guðjónsdóttir, Jón Ásbergsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Sævar Skaptason, Díana Mjöll Sveinsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Ólöf Ýrr Atladóttir og María Reynisdóttir sem ritaði fundargerð.

Gestir: Óskar Jósefsson, framkvæmdastjóri Stjórnstöðvar ferðamála, Sigrún Brynja Einarsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu ferðamála í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Heimir Skarphéðinsson, lögfræðingur í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ráðherra ferðamála og Ólafur Teitur Guðnason, aðstoðarmaður ráðherra.

Forföll boðuð: Ásbjörn Þ. Björgvinsson

Fundargerð 14. fundar lögð fram í upphafi fundar og samþykkt.

1. Kynning á stöðu verkefna hjá Stjórnstöð ferðamála

Óskar Jósefsson útskýrði tilurð Stjórnstöðvar ferðamála í tengslum við útgáfu Vegvísis í ferðaþjónustu haustið 2015 og hlutverk hennar. Fór hann yfir stöðu mála, hvaða verkefnum er lokið, hvaða verkefni eru í vinnslu og hvaða verkefnum er ólokið, auk verkefna sem hafa bæst við en verkefnaáætlun hefur tekið breytingum í ljósi þess að greinin hefur stækkað frá útgáfu Vegvísis.

Umræður um að reynslan af Stjórnstöð ferðamála hafi verið góð, meiri samhæfing hafi náðst vegna hennar og málefni ferðaþjónustunnar í meiri forgangi hjá stjórnvöldum. Greiningar á vegum Stjórnstöðvar verði mjög gagnlegar fyrir áframhaldandi þróun en vinnan taki tíma og brýnt er að geta farið að hrinda aðgerðum í framkvæmd í kjölfar þeirra.

2. Kynning á drögum að frumvarpi um breytingu á lögum um skipan ferðamála

Sigrún Brynja Einarsdóttir og Heimir Skarphéðinsson kynntu drög að frumvarpi um breytingu á lögum um skipan ferðamála nr. 73/2005 sem voru lögð út til umsagnar fyrr á árinu. Lögín hafa lítið breyst frá því 2005 en helstu breytingartillögur varða tilgangsgrein laganna, uppfærslu á hlutverki Ferðamálastofu, breytta skipan ferðamálaráðs þar sem Ferðamálasamtök Íslands hafa verið lögð niður, breytingar á skilyrðum leyfisveitinga, nýmæli um skyldu ferðaþjónustuaðila til að setja sér öryggisáætlanir og heimild Ferðamálastofu til að leggja dagsektir á aðila sem brjóta gegn ákvörðunum stofnunarinnar. Frumvarpsdrögin voru ekki lögð fram á Alþingi fyrir þinglok en verða endurskoðuð með tilliti til umsagna sem hafa borist fyrir næsta löggjafarþing. Frumvarpið er liður í yfirferð og endurskoðun ráðuneytisins á stjórnsýslu ferðamála og starfsskilyrðum aðila í ferðaþjónustu. Áfram verður unnið að endurskoðun laganna í ljósi vaxandi mikilvægis málaflokksins. Frekari breytingar eru á döfinni sem fela m.a. í sér innleiðingu á nýrri tilskipun um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun. Einnig var greint frá því að breytingar á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða nr. 75/2011 voru samþykktar á nýliðnu þingi.

Fundarmenn voru sammála um að skilgreina þurfi hlutverk ferðamálaráðs betur í lögnum. Meðal atriða sem þarf að endurskoða er tillagan til ráðherra um markaðs- og kynningarmál

ferðapjónustunnar og hvernig ráðið geti komið fyrr að málum svo það geti verið meira ráðgefandi til ráðherra.

Ákveðið að ráðuneytið yfirfari drögin að frumvarpinu með tilliti til framkominna umsagna og ráðið veiti umsögn í kjölfarið.

3. Heimsókn Þórdísar Kolbrúnar R. Gylfadóttur, ráðherra ferðamála

Ráðherra skýrði frá sinni sýn á hlutverki ferðamálaráðs. Hún álíti ráðið mikilvægt og vilji gjarnan nýta þá þekkingu, reynslu og breiðu sjónarmið sem eru til staðar innan ráðsins í verkefni framundan.

Huga þurfi að því að skýra einnig hlutverk ráðsins til framtíðar en það þarf að vinna í skrefum.

Ráðherra lagði til að ráðið fái framvegis erindi frá sér til umfjöllunar. Ráðið fjalli fyrst um og geri tillögur til ráðherra um það hvernig megi bregðast við eftirfarandi þremur áskorunum:

- i. Möguleg misnotkun og/eða óeðlilegt samkeppnisforskot í deiliahagkerfinu á markaði fyrir gistingu
- ii. Möguleg ólögmæt starfsemi og/eða óeðlilegt samkeppnisforskot erlendra aðila sem stunda ferðapjónustu hér á landi, til að mynda fólksflutninga og leiðsögn
- iii. Verðlagsþróun í erlendri mynt sem gera má ráð fyrir að komi verst niður á ferðapjónustu á landsbyggðinni

Ráðinu myndi þá berast formlegt erindi frá ráðherra og ráðuneytið vera til aðstoðar vegna mögulegrar gagnaöflunar. Ráðsmenn tóku vel í þessa hugmynd.

Umræður um frekari álitamál sem ráðið gæti tekið fyrir m.a. tekjur til sveitarfélaga af ferðapjónustu og loftslagsmál.

Einnig nefnt að Stjórnstöð ferðamála og þau fjölmörgu verkefni sem þar eru og hafa verið unnin mættu vera meira áberandi í fjölmiðlum.

4. Skipulag starfa ráðsins

Lagt til og samþykkt að formaður og varaformaður vinni drög að starfsreglum ráðsins sem fjalli m.a. um fyrirkomulag funda þess og leggi fyrir næsta fund.

Spurt um birtingu fundargerða frá 2014 á vef Ferðamálastofu og upplýst um að það sé í vinnslu.

Tímasetning næsta fundar óákveðin, ekki er ráðgert að halda annan fund í sumar nema ef verður af verkefni ráðsins sbr. lið 3.

Fundi slitið kl. 13:00